

STJÓRNKERFIS- OG LÝÐRÆÐISRÁÐ

Ár 2017, 6. febrúar, var haldinn 52. fundur stjórnkerfis- og lýðræðisráðs. Fundurinn var haldinn í Tjarnarbúð, Ráðhúsi Reykjavíkur og hófst kl. 13.33. Fundinn sátu Halldór Auðar Svansson, Eva Einarsdóttir, Eva Baldursdóttir, Skúli Helgason, Marta Guðjónsdóttir, Björn Gíslason, Jón Ingi Gíslason og áheyrnarfulltrúinn Gústav Adolf B. Sigurbjörnsson. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn: Stefán Eiríksson, Helga Björg Ragnarsdóttir, Óskar Jörgen Sandholt, Hreinn Hreinsson og Oddrún Helga Oddsdóttir. Fundarritari var Sonja Wium

Petta gerðist:

1. Fram fer kynning á opnu bókhaldi og næstu skrefum í ferli þess.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi tillögu:

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð fagnar því að opnuð hefur verið rafræn gagnagátt með ítarlegu yfirliti yfir fjármál Reykjavíkurborgar á vefsvæðinu <http://www.reykjavik.is/opinfjarmal>. Lausnina er hægt að þróa áfram og munu næstu skref felast í enn ítarlegri sundurgreiningu á gögnunum og útgáfu gagnanna sem opinna gagna. Fjármálaskrifstofu er falið að útbúa tímasetta áætlun um viðbætur við lausnina sem lögð verður fram í stjórnkerfis- og lýðræðisráði.

Samþykkt

Halldóra Káradóttir, Hörður Hilmarsson og Þórhildur Ósk Halldórsdóttir taka sæti á fundinum undir þessum lið

2. Lagt fram bréf skrifstofu borgarstjóra- og borgarritara dags. 6. febrúar 2017 með umsögnum hverfisráða á úttekt innri endurskoðunar.

Stjórnkerfis- og lýðræðisráð leggur fram svohljóðandi tillögu:

Lagt er til að skrifstofu borgarstjóra og borgarritara verði falið að gera samantekt úr umsögnum hverfisráða.

Samþykkt

3. Fram fer kynning á tillögum starfshópa innri og ytri þjónustu í hagræðingarvinnu miðlægrar þjónustu og stjórnsýslu.

- kl. 14.41 vikur Marta Guðjónsdóttir af fundinum

4. Fram fer kynning á þeim verkefnum sem framundan eru hjá rafrænni þjónustumiðstöð.

Þróstur Sigurðsson tekur sæti á fundinum undir þessum lið.

5. Lagt er til að upplýsingastjóra verði falið að útbúa drög að samræmdri stefnu um nýtingu samfélagsmiðla í starfsemi Reykjavíkurborgar.
- Samþykkt

Fundi slitið kl. 15.42

Halldór Auðar Svansson

Eva Baldursdóttir
Skúli Helgason
Marta Guðjónsdóttir

Eva Einarsdóttir
Björn Gíslason
Jón Ingi Gíslason